



## Símenntunaráætlun Heiðarskóla skólaárið 2009-2010



## Símenntunaráætlun Heiðarskóla

- Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun fyrir sitt starfsfólk. Símenntunaráætlun er unnin árlega
- Símenntun starfsmanna má skipta í tvo meginþætti: Annars vegar þætti sem nauðsynlegir eru fyrir skólann og hins vegar þætti sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.
- Til símenntunar flokkast öll formleg fræðsla s.s.
  - nám
  - námskeið
  - fræðsluerindi
  - fræðslufundir
- Einnig getur óformleg fræðsla flokkast undir símenntun s.s.
  - vettvangsferðir
  - handleiðsla og leiðsögn meðal starfsfélaga
  - kynningar á kennarafundum
  - heimsóknir inn í kennslu til samkennara
  - skipulagðir leshringir



## Ferill símenntunaráætlunar

- Starfsmenn gera skólustjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Skólustjóri greinir starfsmanni frá hvaða markmiðum hann vill að hann nái. Leitast er við að uppfylla óskir starfsmanna ef þær að álitum skólustjóra falla að símenntunaráætlun skólans.
- Áherslur næsta skólaárs eru skilgreindar og áætluð þörf á símenntun fyrir alla starfsmenn, einstaklinga eða hópa. Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi byggir á stefnu skólans, áhersluatriðum og þróunarstarfi næsta vetrar og umbótastarfi sem grundvallast á sjálfsmati skólans. Tekið er tillit til fjárhagsáætlunar skólans.
- Í september er farið yfir áætlunina með starfsfólki.
- Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsfólks sé ávallt í endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmaður óskar eftir þátttöku í fræðslu eða námskeiðum þegar við á. Starfsmenn skrá sjálfir sína menntun á þar til gert eyðublað og skila til skólustjóra að vori (sjá fylgiskjal 1).
- Starfsmönnum ber að sækja námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og starfsmönnum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólustjóra.

3



## Tími til símenntunar

### Kennarar

- Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 94 -150 klst. á ári.
- Símenntun kennara er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla í samráði við kennara
- Meginreglan er að tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Sá hluti af starfsdögum og starfsmannafundum sem er áætlaður í fræðslu er einnig áætlaður í símenntunaráætlun.

### Starfsmenn skóla

- Símenntun annarra starfsmanna er skipulögð í nánú samkomulagi við þá.

4



## Áætlun 2009-2010

- Tölvunámskeið (kennarar)  
Kennarar kynnst möguleikum Mentors og hvernig best er að nýta kerfið í daglegum störfum.
- Olweusarkerfið gegn einelti. Fræðslufundur fyrir þá starfsmenn skólans sem ekki hafa kynnst kerfinu.
- Fræðslufundur um bráðaofnæmi.  
Hjúkrunarfræðingur fer í viðbrögð við bráðaofnæmi s.s. hvernig bregðast á við slæmum köstum
- Uppbygging sjálfsaga.  
Allt starfsfólk skólans tekur þátt í umræðufundum.
- Publisher. Kennarar kynnst möguleikum forritsins.
- Leikir í skólastarfi. Kenndir eru leikir sem nýtast vel í skólastarfinu.
- Auðvitað – tilraunir

5



## Áætlun 2009 -2010

- Lestrardagbækur – eflum lestrarfærni á unglíngastigi.
- Hvernig borð vill Bára? Fjallað um íslensk orðatiltæki.
- Starfendarannsóknir. Kennarar fá ráðgjöf um hvernig þeir geta á markvissan hátt rýnt í eigin störf með það að markmiði að efla sig í starfi.
- Skapandi skólastarf. Eflum eitt af áhersluatriðum skólans.
- Skyndihjálparnámskeið.
- Jafningjafræðsla. Hvert tækifæri er notað til að kennarar fræði samstarfsfólk um hin ýmsu atriði sem snerta skólastarfið svo sem frásagnir af góðum árangri í starfi eða segja frá góðum greinum og lefni sem tengjast kennslumálum.
- Uppbyggingateymi skólans heldur reglulega umræðu- og vinnufundi með kennurum og starfsfólki.
- Allir starfsmenn eiga kost á að sækja ýmis námskeið og námsstefnur s.s. á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og fagsamtaka.

6



## Símenntunaráætlun 2009-2010

Hópur	Lýsing á menntun	Tímabil	Umsjón
Kennarar	Tölvunámskeið - Mentor Möguleikar kerfisins kynntir. Sérstök áhersla lögð á notkun verkefnabóka	ágúst-sept	Leiðbeinandi Sigurbjörg Róbertsdóttir
Nýir starfsmenn	Fræðslufundur - Olweus Farið í helstu atriði Olweusarkerfisins gegn einelti.	haustönn	Leiðbeinandi Bryndís Guðmundsdóttir
Allir starfsmenn	Fræðsluerindi - Bráðaofnæmi Fræðst um bráðaofnæmi og flogaveiki – birtingarform og viðbrögð	haustönn	Skólastjórn í samstarfi við skólaheilsugæslu

7



## Símenntunaráætlun 2009-2010

Hópur	Lýsing á menntun	Tímabil	Umsjón
Náttúrufræði-kennarar	Verkleg kennsla – Auðvitað Farið er yfir tilraunir sem tengjast Auðvitað-bókunum.	á skólaárinu	Skólastjórn í samráði við Helga Grímsson
Allir	Erindi - Hvernig borð vill Bára? Að efla fjölbreytni í íslenskukennslu og málvitund nemenda. Farið er yfir 150 rammíslensk orðatiltæki sem allir hafa gagn og gaman af að þekkja	haustönn	Skólastjórn í samráði við Þekkingarmiðlun
Nokkrir kennarar	Fræðsluerindi- rannsóknarvinna Kennarar rýna í eigin störf og leita leiða til umbóta. Markmiðið er að þróa kennsluaðferðir sem miða að því að efla áhuga nemenda á námi	á skólaárinu	Skólastjóri í samvinnu við félag áhugafólks um starfenda-rannsóknir



## Símenntunaráætlun 2009-2010

Hópur	Lýsing á menntun	Tímabil	Umsjón
Nýir starfsmenn	Fræðsluerindi - Uppbyggingarstefnan Kynning á hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar og vinnuaðferðum sem tengdar eru við hana.	haustönn	Teymishópur
Kennarar	Kennsla - Publisher Kynning á möguleikum forritsins og hvernig það getur nýst í kennslu	haustönn	Sigurbjörg Róbertsdóttir
Allir	Skyndihjálp Fræðsla og verkleg kennsla um rétt viðbrögð við slysum	vorönn	Skólastjórn í samráði við Rauða krossinn

9



## Símenntunaráætlun 2009-2010

Hópur	Lýsing á menntun	Tímabil	Umsjón
Íslenskukennarar í 6. – 8. bekk	Erindi – lestrardagbók Kynning á notkun lestrardagbóka með það að markmiði að efla lestur á mið- og unglingsstigi	haustönn	Bryndís Guðmundsdóttir
Allir	Erindi - Skapandi skólastarf Fjallað er um eitt af áhersluatriðum skólans sem er skapandi starf	vorönn	Skólastjórn í samráði við Þorvald Þorsteinsson
Allir	Fræðsla - Leikir Kynntir eru leikir sem nýtast vel í skólastarfi.	á skólaárinu	Skólastjórn í samráði við Helga Grímsson

## Símenntunaráætlun Heiðarskóla

Helstu samstarfsaðilar okkar á þessu skólaári vegna símenntunar verða:

- Fagfólk innan skólans
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Þekkingarmiðlun
- Rauði krossinn
- Fagfólk utan skólans s.s. námsefnishöfundar
- Félag um starfendarannsóknir
- Menntasvið Háskóla Íslands